

Fundargerð (37)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 25. maí 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Þórir Gunnarsson
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; forföll
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

1. **Fundargerð 36. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Staðan hjá matshópi.** Bára Hildur gerði grein fyrir stöðunni, m.a. samvinnu Bergþórs f.h. verkefnisstjórnar við matshópin og samtali við dr. Þorlák Karlsson um ráðgjöf varðandi skýrslugerðina til stýrihóps. Markmiðið er að nýta þær rauntölur sem nú liggja fyrir til að prufukeyra skýrsluskilin til stýrihóps eins fljótt og nokkur kostur er.
4. **Fræðsluefni til vegna útborgunar.** Bára Hildur fór yfir fræðsluefni á vefsvæðinu, og benti sérstaklega á myndband Reykjavíkur. Jafnframt farið yfir hvernig launagreiðendur hafa fylgt málinu eftir gagnvart umbjóðendum sínum.
5. **Önnur mál.**
 - Rætt um fréttáflutning þar sem vandkvæði varðandi þjónustu hins opinbera í heilbrigðis- og löggæslukerfum eru tengd við breytingar á vaktavinnunni frá 1. maí. Samstaða um að stýrihópsfulltrúar leitist við að benda á staðreyndir og leiðréttu umræðu sem er á villigötum eftir því sem þeir hafa tækifæri til.
 - Bára Hildur spurðist fyrir um hvort margar fyrirspurnir eða athugasemdir hafi borist til fulltrúa í stýrihópnum eftir útborgun launa 1. júní. Kvaðst sjálf hafa búist við fjölda tölvupósta og símtala vegna vandkvæða en sú hafi ekki orðið raunin. Stýrihópsfulltrúar höfðu allir svipaða reynslu.
 - Bára Hildur fór yfir breytingar sem orðið hafa á verkefnastjórninni. Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir hefur horfið til fyrri starfa og er henni þakkað allt hennar framlag í þágu betri vinnutíma í vaktavinnu og óskað alls hins besta í leik og starfi.

Verkefnastjórnin er nú mönnuð Báru Hildi í 100% starfi og Bergþóri Haukdal í 50% starfi til 1. júlí.

Fundi slitið kl. 15.06. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 8. júní kl. 14-15.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.